

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 27. mars 2020

Mál nr. E-1965/2019:

A

(Guðjón Ólafur Jónsson lögmaður)

gegn

Íslandspósti ohf., og til réttargæslu Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Kristín Edwald lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 5. febrúar 2020, höfðaði A , [...], Reykjavík, hinn 3. maí 2019, á hendur Íslandspósti ohf., Stórhöfða 29, Reykjavík, og til réttargæslu Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda stefnda Íslandspóstis ohf. vegna þess líkamstjóns er stefnandi varð fyrir í vinnuslysi 9. desember 2015 þá er hún féll við póstútburð að [...] í Kópavogi. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda.

Stefndi krefst aðallega sýknu af dómkröfum stefnanda, en til vara þess að verða aðeins dæmdur skaðabótaskyldur að hluta vegna slyssins. Þá er krafist málskostnaðar, en til vara þess að málskostnaður verði felldur niður.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar en réttargæslustefndi styður kröfur og málflutning stefnda.

Aðalmeðferð hófst 29. janúar sl. en fresta þurfti málinu til 30. s.m. til framhaldsaðalmeðferðar, þar sem ekki náðist í eitt vitni. Að lokinni skýrslutöku þann dag var aðalmeðferð frestað á ný til 5. febrúar, að ósk stefnda og í tilefni af ábendingu dómara, svo færi gæfist á að afla upplýsinga eða gagna frá Vinnueftirlitinu um móttöku tilkynningar um slys stefnanda og viðbrögð þess við henni.

Helstu málsatvik

Stefnandi varð fyrir slysi 9. desember 2015 er hún var við vinnu sína sem póstburðarmaður (bréfberi) hjá stefnda, Íslandspósti ohf. Óumdeilt er að hún rann til í hálfu utan við hús að [...] í Kópavogi, féll og tvíbrotnaði á vinstri sköflungi. Var hún flutt með sjúkrabifreið á bráðamóttöku Landspítala háskólasjúkrahúss þar sem gert var að brotinu og sett gifs, en brotið þarfnaðist ekki aðgerðar.

Í stefnu er atvikum nánar lýst svo að stefnandi hafi á slysdegi leitað til yfirmanns síns og óskað eftir því að fá viðunandi skó, enda mikil hálfka þann daginn, en því hafi verið neitað. Hafi hún þá tekið mannbrodda á vinnustaðnum og sett á sig en þeir hafi passað illa á skó hennar, verið lélegir og slitnað fljótlega eftir að hún byrjaði að nota þá.

Yfirmaður stefnanda tilkynnti Vinnueftirlitinu um slysið með skriflegri tilkynningu, dags. 14. desember 2015, sem barst Vinnueftirlitinu með símbréfi 17. s.m. Ekki er að sjá að Vinnueftirlitið hafi brugðist við þeirri tilkynningu, umfram það að skrá slysið í slysskrá, sem gert var 12. janúar 2016.

Stefnandi var óvinnufær í nokkra mánuði, en kom aftur til starfa í apríl 2016. Hún fór þó aftur í veikindaleyfi að læknisráði vegna áverka sinna í september 2016 og sneri ekki aftur til starfa hjá stefnda, en henni var sagt upp störfum í október s.á.

Stefnandi krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu stefnda hjá réttargæslustefnda í desember 2016. Réttargæslustefndi hafnaði bótaskyldu úr tryggingunni með bréfi, dags. 26. janúar 2017.

Með sameiginlegri matsbeiðni stefnanda, stefnda og réttargæslustefnda, dags. 24. maí 2017, var þess óskað að B bæklunarskurðlæknir legði mat á afleiðingar vinnuslyss stefnanda 9. desember 2015. Með matsgerð, dags. 18. ágúst sama ár, komst læknirinn að þeirri niðurstöðu að tímabært væri að meta afleiðingar slyssins, tímabundinn missir starfsorku væri 100% frá slysdegi til 11. apríl 2016 en varanleg læknisfræðileg örorka af völdum slyssins væri 5%.

Stefnandi skaut ágreiningi um bótaskyldu til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum í desember 2017. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu 30. janúar 2018 að stefnandi ætti ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu stefnda hjá réttargæslustefnda.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu. Þá gáfu skýrslu sem vitni tveir starfsmenn stefnda, C, þáverandi dreifingarstjóri hjá stefnda og yfirmaður stefnanda, og D, þáverandi fulltrúi hjá stefnda.

II

Málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir á því að með því að neita henni um skó sem hentuðu aðstæðum hafi stefndi og starfsmenn hans sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi sem valdið hafi líkamstjóni hennar. Henni hafi verið neitað um viðunandi skó því að hún hafi ekki verið talin hafa áunnið sér rétt til skófatnaðar samkvæmt kjarasamningi Póstmannafélags Íslands og stefnda. Ekki sé hægt að réttlæta háttsemi sem fari í bága við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með því að vísa til ákvæða kjarasamninga, en löggin kveði á um ótvíræða jákvæða skyldu atvinnurekanda til að tryggja ýtrasta öryggi starfsmanna.

Stefnandi byggir á því að stefndi hefði getað sent einhvern fastráðinn, sem hafði fengið vetrarskó, til að bera út póstinn, í stað hennar sem var lausráðin og átti ekki kost á vetrarskóm. Stefndi hafi á eigin ábyrgð sent stefnanda út á skóm sem ekki voru öruggir í þeirri miklu hálfu sem þá var og þannig tekið á sig áhættuna af því sem af kynni að hljóttast ef stefnandi dytti á leiðinni.

Með framangreindri háttsemi hafi stefndi meðal annars brotið gegn 13. og 37. gr. laga nr. 46/1980. Þau ákvæði séu að vísu nokkuð almenn en þó sé hægt að byggja sök á þeim, sér í lagi þar sem ekki er að finna sértækari ákvæði í lögum eða reglugerðum sem sérstaklega eigi við um starfsemi póstherra.

Stefnandi vísar til viðurkenndra leiðbeiningarsjónarmiða úr dómaframkvæmd, sem líta beri til við sakarmat, þ.e. í fyrsta lagi hve mikil hættu var á því að tjón yrði af þeirri háttsemi sem um ræðir, í öðru lagi hve mikið tjón var líklegt að af henni leiddi, í þriðja lagi hve auðvelt eða erfitt var fyrir tjónvald að gera sér grein fyrir hættu á tjóni og í fjórða lagi hvaða ráðstafanir var unnt að gera til að koma í veg fyrir tjón.

Stefnandi byggir í fyrsta lagi á því að engu breyti þótt stefndi hafi útvegað stefnanda mannbrodna, enda verði fyllsta öryggis ekki gætt nema starfsmenn séu í góðum vetrarskóm og með mannbrodna. Þá sé ekki hægt að firra sig allri bótaábyrgð með því einu að vísa starfsmönnum á mannbrodna, enda passi mannbroddar af ákveðinni tegund ekki á allar skótegundir. Í öðru lagi sé ljóst að mikið og alvarlegt tjón geti hlotist af þeirri háttsemi að sjá póstherra ekki fyrir viðeigandi skófatnaði, eins og raunin hafi orðið í máli þessu. Í þriðja lagi hefði stefndi átt að gera sér grein fyrir þeirri miklu hættu á tjóni sem fylgdi því að senda starfsmann vanbúinn út í mikla hálfu til að bera út póst. Í fjórða

lagi hefði verið mjög auðvelt fyrir stefnda að koma í veg fyrir tjón stefnanda, en með því að verða við ósk stefnanda um viðunandi skó hefði fyllsta öryggi hennar verið tryggt.

Þá byggir stefnandi á því að stefndi hafi ekki sinnt lögboðinni tilkynningarskyldu samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Vinnuslys stefnanda hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en fimm dögum eftir slysið, en samkvæmt ákvæðinu beri atvinnurekanda án ástæðulauss dráttar að tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, en eigi síðar en innan sólarhrings séu líkur á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni. Byggir stefnandi á því að stefnda hafi mátt vera ljóst þegar í stað að stefnandi yrði fyrir varanlegu heilsutjóni. Þar sem slys stefnanda hafi ekki verið tilkynnt innan lögboðins frests hafi Vinnueftirlitið ekkert færi haft á því að rannsaka slysið og orsakir þess. Þannig hefði Vinnueftirlitið getað rannsakað ástand þeirra mannbrodna, sem stefnandi notaði umrætt sinn, og hvernig þeir pössuðu á þá skó sem stefnandi var í, tekið myndir af aðstæðum á slysstað og greint frá því hvernig veðrið var umræddan dag. Þar sem slík rannsókn fór ekki fram vegna hirðuleysis stefnda þurfi hann að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem uppi sé um orsakir slyssins.

Stefnandi bendir á að í 23. gr. a í skaðabótalögum nr. 50/1993 sé að finna heimild til þess að lækka skaðabætur starfsmanns í vinnuslysum vegna meðábyrgðar hans. Samkvæmt 1. mgr. þeirrar greinar skuli þó ekki skerða rétt starfsmanns til skaðabóta nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Stefnandi hafnar því að hún hafi sýnt af sér slíkt gáleysi. Beri því ekki að skerða rétt hennar til skaðabóta vegna þessa. Í þessu sambandi beri sérstaklega að hafa í huga að stefnandi hafði einungis unnið hjá stefnda í um tvo mánuði og hafi því ekki haft mikla starfsreynslu.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna skaðabótaréttarins, þ. á m. sakarreglu íslensks réttar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð, auk laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, einkum 13. og 42. gr. þeirra laga. Stefnandi vísar jafnframt til skaðabótalaga nr. 50/1993 og laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þá er vísað til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, til XXI. kafla þeirra laga varðandi málskostnað og til 33. gr. og 1. mgr. 42. gr. um varnarþing. Krafa um virðisaukaskatt af málflytningsþóknun styðjist við lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

Við munnlegan flutning málsins var að auki byggt á því að á slysdegi hefðu mannbroddar ekki verið til á vinnustaðnum í skóstarð stefnanda.

III

Málsástæður stefnda

Stefndi hafnar því alfarið að slysið megi rekja til vanrækslu eða saknæmrar háttsemi af hálfu síns starfsfólks og styður mál sitt eftirfarandi rökum:

Öryggi starfsmanna / Mannbroddar aðgengilegir á vinnustað

Stefndi kveðst leggja mikið upp úr góðum aðbúnaði á vinnustöðum sínum, t.d. að starfsmenn noti öryggisbúnað eins og mannbrodna. Yfirmenn séu duglegir að minna á notkun þeirra og ávallt sé kassi með nýjum mannbroddum við útgönguleið á starfsstöðvum. Sama tegund mannbrodna sé enn í notkun hjá stefnda og hafi reynst vel. Því sé sérstaklega mótmælt að mannbroddarnir hafi verið afar lélegir.

Skylda til afhendingar skóbúnaðar ekki fyrir hendi og að auki óþörf

Stefndi hafnar því með öllu að félagið sem vinnuveitandi eða starfsmenn þess hafi sýnt af sér saknæma og ólögmeta háttsemi með því að „neita stefnanda um viðunandi skó“. Í fyrsta lagi hafi stefnanda staðið til boða nýir, vandaðir mannbroddar sem sé fullnægjandi öryggisráðstöfun. Í öðru lagi hafi hvorki stefnandi né aðrir bréfberar átt rétt á að fá afhenta skó. Um það vísar stefnandi til yfirlýsingar nr. 2 með þágildandi kjarasamningi milli Póstmannafélags Íslands og Íslandspósts hf. um rétt til árlegrar greiðslu vegna kaupa á skófatnaði sem miðast við fastráðinn starfsmann og starfshlutfall. Stefnandi hafi ekki verið fastráðin og því ekki átt rétt á greiðslu vegna skófatnaðar. Stefnandi hafi því á engan hátt brotið gegn kjarasamningi Póstmannafélags Íslands. Jafnvel þótt stefnandi hefði átt rétt á þessari greiðslu sé ólíklegt að hún hefði farið í nýjum skófatnaði í útburð þennan sama dag. Hjá stóru fyrirtæki eins og stefnda þurfi greiðslur sem þessar að fara í gegnum ákveðið ferli auk þess sem viðkomandi þurfi sjálfur að velja og kaupa skó. Þá verði ekkert fullyrt um að stefnandi hefði ekki dottið í öðrum skóm á slysdagi.

Leiðbeiningar og ákvarðanir yfirmanna

Á slysdagi hafi aðstæður verið erfiðar, m.a. vegna hálfu. Hafi starfsmenn verið sérstaklega varaðir við í slíkum aðstæðum og ítrekað beðnir um að nota mannbrodna. Hafi stefnandi kosið að nota ekki nýja mannbrodna, heldur nota frekar slitna mannbrodna eða enga mannbrodna, sé það á hennar eigin ábyrgð en ekki stefnda.

Stefndi vísar því ennfremur á bug að hann hafi skapað sér skaðabótaábyrgð með því að hafa ekki látið fastráðinn starfsmann sinna starfi stefnanda í umrætt sinn.

Tilkynningarskylda samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980

Stefndi viðurkennir að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en nokkrum dögum eftir að það átti sér stað. Sá dráttur leiði ekki til þess að þau atvik sem varða tjónsatburðinn sjálfan séu óljós. Því hafi dráttur á tilkynningu engin áhrif við mat á sönnun í mál þessu.

Með því að hafa ávallt greiðan aðgang að nýjum mannbroddum og hvetja starfsmenn sína til notkunar þeirra hafi stefndi tryggt öryggi stefnanda með viðunandi og fullnægjandi hætti. Ávallt hafi verið gott aðgengi að þeim öryggisbúnaði, auk þess sem yfirmenn hafi verið vakandi fyrir aðstæðum og hvatt starfsmenn sérstaklega til að nota mannbrodda þegar aðstæður voru slíkar að hálka eða ísing var á götum.

Stefnandi hafi ekki leitt í ljós að slys hennar sé að rekja til saknæmrar og ólögætrar háttsemi stefnda eða starfsmanna sem stefndi beri ábyrgð á. Stefndi hafi á engan hátt brotið gegn lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eða reglum settum með stoð í þeim lögum, hvorki gegn ákvæðum sem stefnandi vitnar til né öðrum ákvæðum. Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á að stefndi eigi með öðrum hætti sök á tjóni hennar. Stefnandi beri sönnunarbyrði um orsök tjóns síns og orsakatengsl, en hafi ekki sýnt fram á að stefndi beri skaðabótaábyrgð á tjóni hennar að lögum. Beri því að sýkna stefnda alfarið af öllum kröfum stefnanda.

Verði ekki á aðalkröfu stefnda fallist krefst stefndi þess að sök verði skipt og að stefnandi verði látin bera hluta sakar á tjóni sínu. Telji stefndi að stefnandi hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi í umrætt sinn með því að nýta sér ekki þá nýju og ónotuðu mannbrodda sem henni buðust og hún var hvött af yfirmönnum sínum til að nota. Að öðru leyti sé vísað um rökstuðning fyrir varakröfu til rökstuðnings fyrir aðalkröfu eftir því sem við eigi.

Um lagarök vísar stefndi til almennra reglna skaðabótaréttar, um sönnun tjóns og sönnunarbyrði, orsakatengsl og eigin sök tjónþola. Þá vísar stefndi til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Um málskostnaðarkröfu er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 130. og 131. gr. laganna.

Við aðalmeðferð mótmælti stefndi sem of seint fram kominni, og auk þess efnislega rangri, þeirri málsástæðu stefnanda að mannbroddar hefðu ekki verið til í skóstaerð hennar á vinnustaðnum á slysdegi.

IV

Niðurstaða

Samkvæmt því sem fram kemur í stefnu og í aðilaskýrslu stefnanda fyrir dómi var hún á sléttbotna vetrarskóm er hún féll í hálfu og fótbrotnaði í starfi sínu við póstútburð og notaði ekki mannbrodna sem stóðu henni til boða á vinnustað hennar.

Í aðilaskýrslu stefnanda kom fram að ástæða þess að hún notaði ekki mannbroddana umrætt sinn hefði verið sú að þeir pössuðu illa á skó hennar, en ekkert kom fram sem bendir til þess að hún hafi ekki notað broddana sökum þess að þeir hafi slitnað. Verður því ekki frekar fjallað um þá málsástæðu í stefnu að broddarnir hafi verið lélegir og „slitnað fljótlega“. Þá skal þess getið að ekki varð annað ráðið af framburði stefnanda en að það hefðu verið glænýir mannbroddar sem henni voru afhentir áður en hún fór í útburð umrætt sinn.

Í aðilaskýrslu stefnanda kom fram að þeir mannbroddar sem stóðu henni til boða hafi verið of stórir, þ.e. stærð 45, þótt hún noti stærð 39, en samt tók hún fram að táhluti skónna hefði illa komist ofan í fremsta hluta mannbroddanna. Sú málsástæða sem fram kom við munnlegan málflutning, að henni hefðu ekki staðið til boða mannbroddar í rétttri skóstærð, kemur ekki fram í stefnu. Telst hún of seint fram komin og kemur því ekki til álita við úrlausn málsins, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í aðilaskýrslu stefnanda kom fram að mannbroddar sem henni buðust hefðu verið áþekkir þeim broddum sem lagðir voru fram við aðalmeðferð og sjást á ljósmyndum í málinu, þ.e. úr svörtu gúmmí, þótt hún segðist ekki telja þá sömu gerðar og þá sem í boði voru á slysdegi. Fram kom hins vegar í framburði starfsmanna stefnda sem báru vitni fyrir dómi að sama tegund mannbrodda hafi verið notuð hjá stefnda um árabil. Hvað sem líður sönnun um nákvæma tegund þeirra mannbrodda sem stefnanda buðust á slysdegi verður, í ljósi framburðar stefnanda, lagt til grundvallar að þeir hafi verið teygjanlegir eins og þeir mannbroddar sem lagðir voru fram og sýndir við aðalmeðferð málsins, og því getað passað á eitthvert bil skóstærða en ekki einungis eina skóstærð. Samkvæmt ljósmyndum af umbúðum mannbrodda þeirra sem stefndi byggir á að hafi verið notaðir er slysið varð passar stærð S á skó í stærðum 33 –38, stærð M á skó í stærðum 36 –41, stærð L á skó í stærðum 39–46 og stærð XL á skó í stærðum 45–48.

Stefnandi byggir á því að skortur á rannsókn slyssins, vegna síðbúinnar tilkynningar stefnda til Vinnueftirlitsins, eigi að leiða til þess að stefndi beri hallann af sönnun um málsatvik. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 bar stefnda að tilkynna

slysið þangað „án ástæðulausrar tafar“ og er samkvæmt ákvæðinu miðað við slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Ákvæði 1. mgr. miðar ekki við sérstakt form tilkynningar. Fyrir liggur að tilkynning stefnda, dags. 14. desember 2015, barst Vinnueftirlitinu skriflega 17. s.m., rúmri viku eftir að slysið átti sér stað og er ekki á því byggt að Vinnueftirlitinu hafi áður verið tilkynnt um slysið munnlega, t.d. símleiðis. Fallist er á það með stefnanda að ástæðulaus töf hafi orðið á tilkynningu til Vinnueftirlitsins.

Fyrir liggur að viðbrögð Vinnueftirlitsins við tilkynningunni urðu engin, önnur en að skrá slysið í slysaskrá. Er ekkert fram komið í málinu sem bendir til þess að Vinnueftirlitið hefði brugðist við með öðrum hætti hefði slysið verið tilkynnt fyrr. Á skorti á viðbrögðum Vinnueftirlits við tilkynningunni getur stefndi ekki borið ábyrgð. Þá er til þess að líta að stefnandi hafði það í hendi sér að sýna fram á þær aðstæður sem hún byggir á að hafi valdið slysi hennar, þ.e. að broddarnir hafi verið ónothæfir þar sem þeir pössuðu ekki á skó hennar, enda hafði hún hvort tveggja undir höndum, skóna og broddana, en ekki stefndi. Verður ekki á það fallist að síðbúin tilkynning til Vinnueftirlitsins valdi því, eins og hér stendur á, að stefndi þurfi að bera hallann af sönnun um það hvort ómögulegt hafi verið að nota broddana með skóm stefnanda. Þá verður ekki séð að tilefni hafi verið til þess að stefndi rannsakaði málið sjálfur frekar en gert var, en í framburði yfirmanns stefnanda fyrir dómi kom fram að hún hefði staðreynt það sjálf strax eftir slys stefnanda að nóg var til af mannbroddum í öllum stærðum.

Stefnandi byggir á því að stefndi hefði átt að senda annan starfsmann fremur en hana til að sinna útburði umræddan dag, þar sem henni hafi verið neitað um vetrarskó. Upplýst er að stefndi skaffar ekki starfsmönnum vetrarskó, heldur einungis mannbroda, og að bréfberar hjá stefnda velja sjálfir þann skófatnað sem þeir nota við póstútburð, þótt þeir geti fengið fjárstyrk til skókaupa samkvæmt kjarasamningi, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Það hefur því ekki þýðingu í málinu hvort stefnanda var réttilega neitað um skópeninga. Stefnandi bar, með sama hætti og starfsmenn sem fengið höfðu skópeninga, ábyrgð á því að mæta til vinnu í viðeigandi skófatnaði og taka mið af því að mannbroddar þyrftu að geta passað á þann skófatnað. Ekkert liggur fyrir í málinu um gerð skófatnaðar stefnanda, annað en það sem fram kom í aðilaskýrslu hennar, en a.m.k. er ekkert fram komið sem bendir til þess að ómögulegt hafi verið að koma mannbroddum fyrir á þeim. Þá er ekkert fram komið sem bendir til þess að stefnandi hafi upplýst yfirmann sinn um að hún kæmi ekki mannbroddunum á skóna og gæti því ekki notað broddana. Verður því

að hafna þeirri málsástæðu stefnanda að stefnda hafi borið að senda annan starfsmann í stað hennar í útburðinn.

Stefnandi byggir einnig á því að mannbroddar veiti ekki nægilega vörn í hálku og því séu öryggisráðstafanir stefnda ófullnægjandi. Í því sambandi hefur stefnandi einungis vísað til almennra vísireglna, svo sem ákvæða 13. og 37. gr. laga nr. 46/1980, en ekki er að sjá að í löggjöf og reglugerðum fyrirfinnist ákvæði sem mæla með nákvæmari hætti fyrir um kröfur til hálkuvarna fyrir bréfbæra. Ekki hafa verið færð fyrir því viðhlítandi rök að mannbroddar sem stefnanda stóðu til boða hjá stefnda hafi verið ófullnægjandi öryggisráðstöfun og að skófatnaður sem notaður er undir mannbroddum hafi úrslitaþýðingu varðandi möguleika á að forðast slys, þegar mannbroddar eru notaðir. Þá hefur því ekki verið sérstaklega mótmælt að stefndi hafi lagt mikið upp úr því að starfsmenn notuðu mannbrodda við útburð og hvatt þá til þess. Enn fremur liggur fyrir að stefnandi fékk mannbrodda áður en hún fór af stað í útburðinn og getur það því ekki ráðið neinum úrslitum í málinu hvort mannbroddar voru aðgengilegir við útidyr eða á afviknari stað. Er ekkert fram komið sem bendir til þess að mannbroddar þeir sem stefnanda stóðu til boða hefðu ekki getað afstýrt slysinu, hefði stefnandi notað þá, jafnvel þótt þeir hafi e.t.v. ekki passað fullkomlega á skófatnað hennar.

Samkvæmt öllu framanrituðu er ósannað að stefndi beri skaðabótaábyrgð á slysi stefnanda og verður að ætla að slysið sé fyrst og fremst að rekja til þeirrar óaðgæslu stefnanda sjálfrar að nota ekki þann öryggisbúnað sem í boði var, þ.e. mannbrodda, og til óhappatilviljunar.

Ber því að sýkna stefnda af öllum dómkröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að fella niður málskostnað milli aðila, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Stefnandi nýtur gjafsóknar, samkvæmt gjafsóknarleyfi útgefnu 4. október 2019. Allur gjafsóknarkostnaður hennar greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun lögmanns hennar, Guðjóns Ólafs Jónssonar, sem þykir hæfilega ákveðin eins og í dómsorði greinir, eftir efni og umfangi málsins og með hliðsjón af tímaskýrslu lögmannsins. Við ákvörðun gjafsóknarþóknunar er, samkvæmt dómvenju, ekki tekið mið af virðisaukaskatti.

Af hálfu stefnanda flutti málið Hrafnkell Oddi Guðjónsson lögmaður, fyrir hönd Guðjóns Ólafs Jónssonar lögmanns, en Kristín Edwald lögmaður flutti málið af hálfu stefnda og réttargæslustefnda.

Hildur Briem héraðsdómari kveður upp dóm þennan, að gættu ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandspóstur ohf., er sýkn af öllum dómkröfum stefnanda, A, í máli þessu.

Málkostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun lögmanns hennar, Guðjóns Ólafs Jónssonar, 1.100.000 krónur.

Hildur Briem